

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu
á Fljótsdalshéraði nr. 233/2005.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr.:

Sorpflokkurinn Annar óflokkaður úrgangur hækkar úr 8,40 kr. í 8,80 kr.

Sorpflokkurinn Timbur hækkar úr 4 kr. í 6,60 kr.

Sorpflokkurinn Óendurvinnanlegt flokkað timbur hækkar úr 5,75 kr. í 8,40 kr.

Sorpflokkurinn Gler hækkar úr 5,75 kr. í 7,55 kr.

Sorpflokkurinn Sláturúrgangur hækkar úr 5,75 kr. í 7,55 kr.

Sorpflokkurinn Annað flokkað sorp hækkar úr 5,75 kr. í 7,55 kr.

2. gr.

Fjárhæðir skv. breytingu þessari á gjaldskrá nr. 233/2005, eru miðaðar við verðlag við setningu þeirrar gjaldskrár og skulu uppreiknaðar miðað við neysluvísitölu með sama hætti og aðrar fjárhæðir.

3. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá, er samin og samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd og staðfest af sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs 17. maí 2006, með stoð í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Fljótsdalshéraði, nr. 232/2005, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Gjaldskrárbreyting þessi tekur gildi við birtingu.

Egilstöðum, 17. maí 2006.

F. h. bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs,
Anna Björk Hjaltadóttir umhverfisfulltrúi.